

Mál nr. 196/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Árekstur á Snæfellsnesvegi 27.08. 2011 við framúrakstur.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 08.05. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 11.06. 2012.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 24.05. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið í sömu áttina og var A á undan B. B var að aka fram úr A þegar bifreiðarnar rákust saman. Ökumönnum ber ekki saman um aðdraganda og orsök árekstursins. B er hópibifreið II og A húsbifreið.

Vátryggingafélag A vísar til niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingarfélaganna sem lagði alla sök á B sem gætti þess ekki að aka ekki fram úr nema hafa nægilegt hliðarbil milli bifreiðanna.

Vátryggingafélag B telur að B hafi ekki gætt að því að hafa nægjanlegt bil í A þegar hann ekur fram úr bifreiðinni. Félagið telur ósannað að A hafi verið á röngum vegarhelmingi þegar framúraksturinn átti sér stað.

Óþarft er að geta umfjöllunar M.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að gæta þess ekki að hafa nægjanlegt bil á milli ökutækjanna þegar B ók fram úr A. Ökumaður B hefði þurft að gefa framúrakstur sinn skilmerkilega til kynna með hljóðmerki og gæta þess að nægjanlegt bil væri á milli bifreiðanna. Ósannað er að A hafi verið ekið yfir á rangan vegarhelming.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 19. júní 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.